

- 86** XXXVI. Að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, fyrir félag, er Stykkishólmshreppur stofnar ásamt fiskvinnslustöðvum á staðnum, allt að 90% af kaupverði togarans Jörundar, þó eigi hærri fjárhæð en 5850000 kr.
24. des. XXXVII. Að ábyrgjast fyrir Náttúrulækningafélag Íslands allt að 250 þús. kr. lán til heilsuhælisbyggingar í Hveragerði.
- XXXVIII. Að ábyrgjast allt að 250 þús. kr. lán, er hreppsnefnd Hveragerðishrepps tekur til að leggja hitaveitu í þorpið, þó ekki yfir 80% af heildarkostnaði.
- XXXIX. Að leyfa Grænmetisverzlun landbúnaðarins að ráðstafa til að efla grænmetisræktun í landinu helmingi þeirrar fjárhæðar, sem verzluninni ber að greiða í leigu eftir hús Grænmetisverzlunar ríkisins.
- XL. Að færa á nafn Bæjarútgerðar Neskaupstaðar skuld togarans Goðaness, að fjárhæð 300 þús. kr.
- XLI. Að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, allt að 7½ millj. kr. lán fyrir Vopnafjarðarhrepp til að reisa síldarverksmiðju á Vopnafirði.
- XLII. Að kaupa sanddæluskip, ef viðunandi samningar nást.

## 23. gr.

Á árinu 1958 skal greiða 30% uppbót á lífeyri og eftirlaun, þó aldrei á hærri fjárhæð en 30 þús. kr. hverjum einstökum lífeyris- og eftirlaunaþega.

## 24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1957 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

*Gjört að Bessastöðum, 24. desember 1957.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

**87**

19. nóv.

## AUGLÝSING

### um viðskiptasamning milli Íslands og Tékkóslóvakíu.

Hinn 1. október var undirritaður í Prag nýr viðskiptasamningur milli Íslands og Tékkóslóvakíu.

Gildistími samningsins er frá 1. september 1957 til 31. ágúst 1960, en vörulistar, sem jafnframt var samið um, gilda í eitt ár. Engar efnisbreytingar voru gerðar á eldri samningi milli landanna (Stj.tíð. A 86/1954).

Þetta er almenningi hér með gert kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 19. nóvember 1957.*

**Guðm. Í. Guðmundsson.**

*Henrik Sv. Björnsson.*